

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Philip Verrall hjá Þjóðminjasafni Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Philip Verrall hjá Þjóðminjasafni Íslands og er í vörslu Þjóðminjasafns Íslands. Philip Verrall var fæddur í Bretlandi 29. júní 1929 og lést 6. júní 2005 og ánafnaði Þjóðminjasafni Íslands hluta eigna sinna. Stofnandi sjóðsins er Þjóðminjasafn Íslands.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að kosta ýmis verkefni Þjóðminjasafns, einkum á sviði miðlunar, s.s. útgáfu vandaðra ritverka og sérsýningar safnsins.

3. gr.

Heimili sjóðsins er hjá Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík. Varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er dánargjöf Philip Verrall, 500.000,00 bresk pund, sem nam við afhendingu í júlí 2006 kr. 69.249.700 – sextíu og níu milljónum tvö hundruð fjörtíu og níu þúsund og sjö hundruð íslenskum krónum.

5. gr.

Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og kennitölu og er í vörslu Þjóðminjasafns Íslands, sem sér um bókhald hans og fjárreiður. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár skal vera almanaksárið.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fjórir aðilar: þrír starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands, þ.e. þjóðminjavörður sem jafnframt er formaður stjórnar, sviðstjóri fjármála- og þjónustusviðs og sviðsstjóri miðlunarsviðs og formaður félagsins Minjar og saga. Atkvæði formanns hefur tvöfalt vægi.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður úthlutanir úr sjóðnum.

8. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Vextir af stofnfé.
- b) Verðbætur af stofnfé.
- c) Aðrar tekjur en þær sem að framan greinir.

9. gr.

Ávaxta skal stofnfé sjóðsins á tryggan og arðvænlegan hátt í íslenskum banka. Heimilt er að verja úr sjóðnum að jafnaði 75% af tekjum ársins skv. 8. grein. Heimilt er að skerða stofnfé þegar sérstakar ástæður þykja til við úthlutanir, s.s. til meiri háttar verkefna. Þó má aldrei skerða kr. 647.000 af stofnfé að raungildi.

10. gr.

Úthlutunum úr sjóðnum skal varið til verkefna í samræmi við markmið hans, sbr. 2. gr. Við útgáfu verka eða sýningar skal þess getið að þau séu kostuð úr sjóðnum.

11. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi nema með samþykki allra stjórnarmanna. Staðfestingu dómsmálaráðherra þarf til að breyta stofnskrá sjóðsins.

12. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skal andvirði hans ráðstafað í samræmi við tilgang sjóðsins, sbr. 2. gr. Staðfesting dómsmálaráðherra þarf ef hann verður lagður niður.

13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. nóvember 2006.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.